

## Brottfall í Evrópu – hvers vegna og hvað er til ráða?

Brottfall á framhaldsskólastigi er óviðjað jafnmikið í Evrópu og hér á landi. Íslendingar eru þar í hópi með Spánverjum, Portúgólum og Maltverjum. Það sem Íslendingar virðast helst eiga sameiginlegt með þessum Suður-Evrópuþjóðum er atvinnuþátttaka ungs fólks.

Í skýrslunni [Study on Early School Leavers](#) sem nýverið var unnin fyrir Evrópusambandið var farið yfir þessi mál og Evrópuþjóðir bornar saman. Sérstaklega var skoðað hvað einkennir þau ungmenni sem hætta snemma í námi, hvernig þeim vegnar á vinnumarkaðnum og hvaða möguleika þau hafa á að snúa aftur í skóla síðar.

Af skýrslunni er efið að ráða hvaða skýringar er að finna á því að brottfall er svo miklu meira á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum, sérstaklega ef litið er til þess að þjóðfélagsgerð og menntakerfi eru að mörgu leyti sambærileg. Sérstaða Íslands virðist þó einkum felast í miklum atvinnumöguleikum og þátttöku ungs fólks í atvinnulífnum.

Í skýrslunni segir að hvergi í Evrópu séu atvinnumöguleikar ungs fólks meiri en hér á landi. Auk þess eru atvinnumöguleikar Íslenskra ungmenna sem hafa lágmarksmenntun og hætta snemma í námi ekki síðri en þeirra sem ljúka framhaldsskólanámi. Opinn vinnumarkaður hér á landi virðist vera að soga til sín ódyrt vinnuafli úr framhaldsskólunum. Varðandi umfang atvinnuþátttöku Íslenskra framhaldsskólanema má t.d. sjá

í könnuninni [Ungt fólk 2004](#), sem gerð var meðal framhaldsskólanemenda, að 54% stúlkna og 36% pílta stunda atvinnu samhliða námi. Um 36% stúlkna og tæplega 30% pílta vinna 10 klukkustundir eða meira á viku.

Í rannsókn Jóns Torfa Jónssonar prófessors og Kristjönu Stelli Blöndal hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, [Ungt fólk og framhaldsskólinn](#) frá 2002 kemur fram að mikilvægustu ástæðurnar sem karlmenn gefa fyrir því að hætta námi eru námsleiði, peningavandræði og að þeim hafi boðist gott starf, en algengustu ástæður sem konur nefna eru barneignir, peningavandræði og námsleiði. Rúmlega helmingur gaf upp ástæður sem eru skólanum óviðkomandi, rúmlega fjórðungur rakti ástæðurnar til skólans, en fimmtungur til persónulegra ástæðna. Skólinn er því ekki aðalsökudólgurinn. Þrátt fyrir þetta er óvarlegt að álykta að atvinnumöguleikar ungs fólks séu meginorsökin fyrir brottfalli. Í skýrslu Evrópusambandsins má sjá að margir aðrir samverkandi þættir spila inn í, eins og félagslegar aðstæður, stuðningur frá heimili, námsgengi, sjálfsálit og viðhorf til náms sem byrjar að mótast í grunnskóla. Engu að síður má draga þá ályktun að miklir atvinnumöguleikar opni þeim sem eru í áhættuhópi auðvelda undankomuleið úr framhaldsskóla.

### Fjöldi og hlutfall nemenda í 10. bekk sem skráðir voru í samræmd próf í byrjun maí

Námssgrein	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	4595	96%
enska	4476	94%
norðurlandamál	3613	76%
stærðfræði	4572	96%
náttúrufræði	2731	57%
samfélagsgreinar	2187	46%

Þessar tölur miðast við fjölda nemenda sem skráðir voru í próf þar sem prófgögn hafa ekki enn borist frá öllum skólum. 4678 nemendur eru skráðir í 10. bekk í ár (Heimild: [Námsmatsstofnun](#)).

### Úthlutun styrkja til menningarstarfs á Vesturlandi

[Menningarráð Vesturlands](#) úthlutar styrkjum til menningarstarfs á Vesturlandi skv. samningi menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis við sveitarfélög á Vesturlandi sem undirritaður var 28. október 2005. Hæstu styrkjum að þessu sinni verður úthlutað við hátiðlega athöfn sem fram fer í húsakynnum Landnámsseturs Íslands í Borgarnesi, laugardaginn 13. maí og hefst hún kl. 15.30. Alls var sótt um styrki til Menningarráðs Vesturlands til 78 verkefna og var samtals sótt um 92 milljónir en úthlutað verður að þessu sinni 18.2 milljónum króna til 53 verkefna.

Viðstödd athöfnina verða menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson ásamt hæstu styrkþegum, þingmönnum, sveitarstjórnarmönnum af

Vesturlandi, stjórn samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og stjórn Menningarráðs Vesturlands.

#### Samstarf ríkis og sveitarfélaga á Vesturlandi

Hinn 15. desember 2005 undirrituðu öll sveitarfélögin á Vesturlandi samstarfssamning um menningarmál. Tilgangur samningsins er að efla menningarstarf á Vesturlandi og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga á Vesturlandi í einn farveg og auka um leið frumkvæði og áhrif aðila á Vesturlandi á uppbyggingu og forgangsröðun verkefna á sviði menningarmála.

#### Menningarráð Vesturlands

Menningarráð Vesturlands er sjálfstætt ráð sveitarfélaga á Vesturlandi. Hlutverk ráðsins er að standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum, hvetja til samstarfs og faglegra vinnubragða og stuðla að almennri vitund og þekkingu um málaflokkinn. Menningarráð Vesturlands úthlutar fjármagni til menningarverkefna á Vesturlandi samkvæmt samningi ríkis og sveitarfélaga á Vesturlandi um menningarmál og hefur eftirlit með framkvæmd þess samnings.

### Úthlutun styrkja Menningarráðs Austurlands

[Menningarráð Austurlands](#) úthlutaði nýverið styrkjum til 58 menningarverkefna á Austurlandi, samtals að upphæð 20,2 m.kr. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra afhenti hæstu styrkina við úthlutunina sem fór fram á Seyðisfirði. Var þetta í sjötta sinn sem styrkir voru veittir á grundvelli þessa samstarfs. Við úthlutunina endurnýjaði RARIK samkomulag sitt við Menningarráð Austurlands um að vera áfram mátarstólpi menningar á Austurlandi næstu tvö árin en Menningarráð Austurlands starfar á grundvelli samnings milli menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis annars vegar og sveitarfélaganna á Austurlandi hins vegar. Nánari upplýsingar um styrkveitingarnar eru á [vef ráðuneytisins](#).



### Hjólin snúast í ráðuneytinu

Metþáttaka er meðal starfsfólks menntamálaráðuneytisins í átaki ÍSí, [Hjólaoð í vinnuna](#) 3.-16. maí. Um 30 starfsmenn taka virkan þátt í þessu verkefni og hjóla eða ganga í vinnuna. Sumir hjóla 30 kílómetra daglega á meðan aðrir ganga einn til tvo kílómetra til vinnu. Ráðuneytið hefur verið með lið frá upphafi og stefnt er er að því að gera enn betur en í fyrra. Hér má sjá hluta hjóla- og gönguliðs ráðuneytisins glaðbeittan við upphaf átaksins.

### Rafræn innritun í framhaldsskóla

Innritun í framhaldsskóla opnar 15. maí og stendur til 12. júní. Þann 15. maí verður opnað fyrir rafræna innritun á skólavef menntamálaráðuneytis, [menntagatt.is](#). Allar umsóknir um nám í dagskóla verða rafrænar að þessu sinni. Sótt er um á netinu og berast umsóknirnar beint til upplýsingakerfa framhaldsskólanna. Nemendur í 10. bekk grunnskóla fá bréf með leiðbeiningum frá menntamálaráðuneyti ásamt veflykli sem veitir þeim persónulegan aðgang að innritun í framhaldsskóla. Forráðamenn nemenda 10. bekkjar fá einnig bréf frá ráðuneytinu með upplýsingum um innritunina. Umsækjendur sem luku grunnskólanámi fyrir árið 2005 þurfa að sækja sér veflykli á [menntagatt.is](#).

